NT

Miðvikudagur 16. október 1985 – 251. tbl. 69. árg.

NEWS SUMMARY IN ENGLISH SEE P. 7

Svavar Gestsson um aukafjárveitingarnar:

„Fjölbreyttur jurtagarður“

– og krefst skýringa af Albert

■ Níu þingmenn Alþýðubandalagsins hafa lagt fram beiðni um skýrslu í sameinuðu Alþingi. Þar er fráfarandi fjármálaráðherra Albert Guðmundsson krafinn skýringa á aukafjárveitingum „sem ekki eiga rætur að rekja til breytinga á forsendum fjárlaga“.

Í samtali við NT sagði Svavar Gestsson sem er einn flutningsmanna að það væru fyrst og fremst fjármálaráðherraskiptin sem lægju að baki beiðninni. „Við viljum sjá hvað það er sem hefur verið afgreitt að undanförnu. Við höfum grun um að þetta sé svona býsna fjölbreytilegur jurtagarður og við viljum fá að sjá hvað þarna er á ferðinni.“



■ Laust fyrir klukkan átta í gærkvöld varð harður árekstur á mótum Borgarholtsbrautar og Urðarbrautar í Kópavogi. Citroën bifreiðinni sem sést hér á myndinni var ekið vestur Urðarbraut þegar hún lenti í árekstri við Mazda 323 bifreið sem kom suður Urðarbraut. Þrír menn voru í Citroën bifreiðinni og ein kona í Mazda bílnum og voru allir fluttir með alvarleg meiðsl á slysadeild. Málið var enn í rannsókn þegar NT fór í prentun í gærkvöldi, en ökumaður Citroën bílsins er grunaður um ölvun.

Reykvískir foreldrar:

Reyndu að smygla heróíni á ársgömlu barni sínu

■ **Ung íslensk hjón reyndu á föstudaginn að flytja talsvert af eiturlyfjum, þar á meðal heróíni, til landsins frá Amsterdam með því að fela lyfin innanklæða á 1½ árs gömlu barni sínu. Eiturlyfin fundust við leit á flugvellinum í Amsterdam og í kjölfar þessa hefur íslenska fíkniefnalögreglan handtekið nokkra fleiri, þar á meðal önnur íslensk hjón sem úrskurðuð hafa verið í gæsluvarðhald.**

Fíkniefnalögreglan hefur undanfarið haft gætur á fólki sem grunur lék á að stundaði innflutning á fíkniefnum. Hjónin tvenn, sem handtekin voru, eru talin hafa verið milligöngumenn en ekki beinir innflytjendur.

Á ungbarninu fundust 25 grömm af heróíni, 650 grömm af hassolíu og 100 grömm af hassi. Í kjölfar þessa var gerð leit á hópi farþega sem kom með flugi frá Amsterdam um helgina og voru farþegarnir m.a. gegnumlýstir að ósk fíkniefnalögreglunnar. Ekkert fannst við þá leit en karlmaður úr þeim hópi var úrskurðaður í 30 daga gæsluvarðhald.

Samkvæmt heimildum NT leikur grunur á að þetta fólk, sem aldrei hefur komið áður við sögu fíkniefnalögreglunnar, hafi stundað það í talsverðan tíma að flytja fíkniefni til landsins og að við húsrannsókn í tengslum við málið, hafi fundist sérstakur umbúnaður sem konur hafa borið á sér til að sýnast vera þungaðar og þannig sloppið við leit tollvarða.

Foreldrarnir voru sendir til Íslands í gærkvöldi en þau hafa verið í vörslu hollensku fíkniefnalögreglunnar.

Í samtali við NT sagði Arnar Jensson deildarstjóri fíkniefnalögreglunnar að þetta væri í fyrsta skipti sem uppvíst yrði um smygl á heróíni hingað til lands svo nokkru næmi. Lögreglan hefði heldur ekki orðið vör við að heróín væri notað hér á landi. Þessi heróínfundur kæmi þó í sjálfu sér ekki á óvart því alltaf hefði mátt búast við að heróín skyti hér upp kollinum eins og annarsstaðar.

Mikil síld í Djúpinu

– söltun á Suðvesturlandi

■ Mikil síldveiði var í Ísafjarðardjúpi í fyrrinótt. Þar veiddust um 600 tonn og í gærkvöld voru nokkrir bátar á leið í land með afla, aðrir voru enn á miðunum og búnir að fá talsvert af síld. Fjölmargir bátar voru á leið á miðin.

Engin síldarsöltun er við Ísafjarðardjúp og sigla bátarnir því með aflann suður á svæðið frá Akranesi til Keflavíkur. Í gærkvöldi voru þrír bátar á leið til Grindavíkur, einn til Akraness og einn í Sandgerði.

Veiðin gekk ekki eins vel fyrir Austurlandi í fyrrinótt, þar veiddust um 200 tonn. Síldin þar var stygg, en þó stóð hún ekki eins djúpt og verið hefur.

Í fyrradag höfðu verið saltaðar um 38.000 tunnur og í gær fór þessi tala upp í 42-43 þús. tunnur. Margir síldarbátanna eru nú langt komnir með kvótann og sumir alveg búnir með hann og er talsvert um að kvótar gangi kaupum og sölum. Síldin hefur verið góð það sem af er, nema við Suðausturland þar sem beita þurfti skyndilokun í viku tíma vegna þess hvað hún var smá.



■ Frá opnun á afmælissýningar á verkum Kjarvals í gær. Í forgrunni eru þau Davíð Oddsson, borgarstjóri, eiginkona hans, frú Ástríður Thorarensen, Vigdís Finnbogadóttir, forseti Íslands og Alfreð Guðmundsson, forstöðumaður Kjarvalsstaða. Yfir þeim og allt um kring má sjá hina umdeildu loftlýsingu Kjarvalsstaða, en nú hefur verið kveðinn upp lögbannsúrskurður á breytingar á lofti hússins.

NT-mynd: Árni Bjarna

Lögbann á loft Kjarvalsstaða

■ Um svipað leyti og Davíð Oddsson, borgarstjóri, opnaði afmælissýningu á verkum Jóhannesar Kjarvals, sem hefði orðið hundrað ára í gær, var kveðinn upp lögbannsúrskurður á breytingar á loftlýsingu Kjarvalsstaða hjá embætti Borgarfógeta Reykjavíkur gegn 100 þúsund kr. tryggingu.

Lögbann þetta er sett á að ósk Hannesar Kr. Davíðssonar sem er arkitekt hússins. Þegar NT hafði samband við Hannes í gær, sagðist hann ekkert hafa að segja um þetta. Sagði hann að einn maður hefði viljað breytingar á þessum ljósabúnaði, en það væri Einar Hákonarson.

Ástæðan fyrir því að áhugi er á að breyta loftlýsingunni á Kjarvalsstöðum núna, er fyrst og fremst að hingað til lands er væntanleg sýning á verkum Picassos og þegar ekkja hans heimsótti sýningarstaðinn, hafði hún ýmislegt út á lýsinguna að setja. Hvort lögbannsúrskurður þessi valdi því að ekkert verði úr Picassosýningunni er óvíst en höfða þarf mál til staðfestingar lögbanninu.

NT reyndi árangurslaust að ná í Einar Hákonarson í gær.